



# Vélstuddar vefþýðingar

---

Þýðingar á vefefni á [reykjavik.is](http://reykjavik.is)



# Hver var staðan?

---

- Við vorum að koma úr gömlu vefumsjónarkerfi í glænýtt umhverfi þar sem framsetningu á efni var endurhugsað frá grunni
- Á eldri vef hafði hluti efnis verið þýddur í eitt skipti í átaksverkefni og uppfærslur á efni fylgdu ekki uppfærslum á íslenskunni
- Á nýjum vef var ákveðið að enski vefurinn væri speglun af íslenska vefnum en ekki aðskilinn vefur





# Áskorunin

## Magn efnis

---

Vefurinn er risastór, stækkar sífelldri og er ótrúlega kvikur, en um 200 manns hafa ritréttindi (pennar) á vefnum og daglega er efni bætt við, tekið út eða orðalagi breytt.

## Tæknileg högun

---

Hvernig náum við efninu út, vinnum það og setjum inn aftur. Efnið er ekki bara hreinn texti. Efni er einnig fyrirsagnir, hlekkir, o.fl. sem er raðað saman í ólíkum einingum. Auk þess er viðmótið í sífelldri þróun.

## Gæði efnis

---

Hvernig tryggjum við að efni hljómi eins, að orðaforði og hugtakanotkun sé samræmd og í góðum gæðum - en samt haldið uppi vinnsluhraða og afköstum?





**Til þess að enski vefurinn  
geti speglað þann íslenska  
þarf efnið að geta flætt af  
íslenska vefnum og geta lent  
aftur í góðum gæðum á  
sama stað á enska vefnum**

---



**Reykjavík**



# Flæði

---

- Of margir pennar á vefnum til að þýða handvirkt
- Sjálfvirkni er nauðsynleg
- Þýðanleiki og tæknileg högun



# Gæði

---

- Enski vefurinn þarf að virka, vera réttur og vera læsilegur
- Þurfum að nota samræmdan stíl og orðaforða
- Gæðin þurfa að haldast þrátt fyrir mikið efni



# Vélpýðingar

---



## Vélpýðingar eru frábærar

---

- Við gætum ekki gert það sem við erum að gera án þeirra
- Gera okkur kleift að vera með 1 þýðanda á móti 200 pennum
- Þær eru grundvallartækni sem er í hraðri framþróun
- Til þess að geta nýtt þessa tækni verðum við að vera meðvituð um takmarkanir hennar





## En hún getur ekki unnið ein

---

- Vélþýðingin þýðir eina setningu í einu, er ekki með minni og heldur þ.a.l. ekki samhengi. Notar mismunandi hugtök um það sama í stuttum texta
- Við höfum ekki stjórn á orðavali, þess vegna komum við inn í ferlið með orðalista
- Vélþýðing skoðar ekki merkingu heldur gefur orðréttar þýðingar. Þess vegna breyttum við stílnum, og þess vegna förum við yfir texta
- Innsláttarvillur geta verið hrikalegar






# Vélstuddar vefþýðingar

---



# Ferlið í dag





# Ávinningur í afköstum

---

- Sjálfvirkni sparar gífurlegan tíma umsýslu, verkefnastjórn og innsetningu efnis
- Sparar einnig tíma í yfirllestri þar sem við vitum að efnið er á réttum stað
- Erum að vinna með einn vef, ekki tvo. Enski vefurinn speglar íslenska.
- Fyrirspurnum í þjónustuver fækkar með áreiðanlegri upplýsingagjöf á vef





# Ávinningur í þjónustu

## Aukin gæði

---

Notendur geta treyst á efnið. Starfsfólk og þjónustuþegar hafa sömu uppsprettu upplýsinga og eru þannig að tala um sama hlutinn með sömu orðum.

## Nýrri upplýsingar

---

Nýrri upplýsingar minnka misskilning, draga úr óvissu og ósamræmi. T.d. tímabundnar lokanir, breytingar á réttindum, gjaldskrá og fleira.

## Fleiri tungumál

---

Sjálfvirknin gerir okkur kleift að þýða og láta þýða efni á önnur tungumál án þess að þýðandi þurfi að kunna á vefumsjónarkerfið. Gæðaefnið á ensku gefur okkur sterkari grunn fyrir vélþýðingar á fleiri mál.





**Betri texti skilar sér í auknu  
trausti sem leiðir til fleiri  
heimsókna á enska vefinn**

---




# Heimsóknir á enska vefinn – þemu og tölur

- **Heimsóknir:** jan. – apr. 2024 eru um 140.000 vs. um 90.000 á sama tíma 2023 (55% aukning)
- **Vinsælasta efnið:** Sundlaugar, bílastæðamál, hátíðir, störf, velferð, fjárhagsaðstoð, Mínar síður, sorphirða, börn, dagforeldrar, skólamál, heimilsleysi og neyðarskýli
- Heimsóknir árið 2023 alls 329.000 vs. 158.000 2022 sem er meira en tvöföldun
- Margvíslegar upplýsingar rata til markhóps sem hvort tveggja fækkar fyrirspurnum og símtölum og bætir þjónusta við þennan hóp



# Heimsóknir á enska vefinn – þemu og tölur







## **Næst á dagskrá – Kjarnavefur á pólsku**

Efni með hátt upplýsingagildi er valið af reykjavik.is. Þetta er efni sem er yfirgripsmikið og mikilvægt en þarfnast sjaldnar uppfærslu.

Hægt er að vinna efnið á íslensku og nýta sjálfvirknina til að spegla efni sem fæst þeirra sem skrifa á vefinn geta lesið.

## Hjúkrunarheimili

Á hjúkrunarheimilum er veitt sólarhrings hjúkrunarþjónusta. Einnig er boðið upp á lækniþjónustu, sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun. Íbúum er boðið upp á hollt og næringarríkt fæði auk þess sem þau hafa kost á því að sækja fjölbreytta og gefandi afþreyingu.



### — Hvaða þjónusta er í boði?

Á hjúkrunarheimilum er veitt sólarhrings hjúkrunarþjónusta. Einnig er boðið upp á lækniþjónustu, sjúkraþjálfun og iðjuþjálfun. Íbúum er boðið upp á hollt og næringarríkt fæði auk þess sem þau hafa kost á því að sækja fjölbreytta og gefandi afþreyingu.

### — Á ég rétt á plássi á hjúkrunarheimili?

Hjúkrunarheimili eru fyrir fólk sem getur ekki lengur búið heima þrátt fyrir stuðning heilbrigðis- og félagsþjónustu og hefur fengið samþykkt færni- og heilsumat.

### — Hvað kostar pláss á hjúkrunarheimili?

Upplýsingar um gjöld og kostnað má finna hjá Tryggingastofnun ríkisins sem fer einnig með útreikninga á kostnaði hvers íbúa.



## Hvernig sækir ég um pláss á hjúkrunarheimili?

Fyrsta skrefið til að komast á hjúkrunarheimili er að sækja um færni- og heilsumat.

Hægt er að sækja um slíkt mat á vef Landlæknis, en einnig getur starfsfólk heilbrigðisþjónustu útvegað það og aðstoðað við útfyllingu.

## Dom spokojnej starości

W domach opieki usługi pielęgniarские świadczone są przez całą dobę. Ponadto pensjonariusze mają dostęp do opieki medycznej, rehabilitacji oraz terapii zajęciowej. Pensjonariusze mają również zapewnione zdrowe i wartościowe posiłki, a także możliwość udziału w urozmaiconych formach rozrywki.



### — Jaką pomoc oferuje rodzina wspierająca?

W domach opieki usługi pielęgniarские świadczone są przez całą dobę. Ponadto pensjonariusze mają dostęp do opieki medycznej, rehabilitacji oraz terapii zajęciowej. Pensjonariusze mają również zapewnione zdrowe i wartościowe posiłki, a także możliwość udziału w urozmaiconych formach rozrywki.

### — Kto ma prawo do pobytu w domu opieki?

Domy opieki przeznaczone są dla osób, które nie mogą już mieszkać we własnym domu, pomimo wsparcia ze strony służby zdrowia i opieki społecznej, oraz które przeszły ocenę stanu zdrowia.

### — Ile kosztuje pobyt w domu opieki?

Informacje na temat opłat i kosztów dostępne są w Zakładzie Ubezpieczeń Społecznych, który oblicza również koszty dla każdego mieszkańca.



## W jaki sposób można złożyć wniosek o przyznanie miejsca w domu opieki?

Pierwszym krokiem do aplikowania o miejsce w domu opieki jest złożenie wniosku o ocenę stanu zdrowia. Wniosek o przeprowadzenie takiej oceny można złożyć poprzez stronę Urzędu Naczelnego Lekarza Krajowego (isl. Embætti landlæknis). Personel służby zdrowia może również pomóc w jego wypełnieniu.



# Spurningar

---



Reykjavík